

Ársfundur Arnardrangs hses 2024 - Skýrsla stjórnar -

Ágætu fundargestir

Það var mikil gleði sem einkenndi þann hóp sem kom saman í maí sl. og fagnaði opnun á glæsilegu nýju búsetuúrræði að Nauthaga 2 á Selfossi. Um var að ræða fyrsta sértæka íbúðakjarnann á starfssvæði Bergrisans og Arnardrangs frá árinu 2007 og því löngu tímabær áfangi.

Framkvæmdir tókust vel og átti Arnardrangur í góðum og farsælum samskiptum við aðalverktaka hússins, Mineral ehf, ásamt VSB verkfræðistofu sem sá um útboðsmál og eftirlit á framkvæmdatíma og er þeim þakkað gott samstarf. Til viðbótar áttu fjölmargir aðilar aðkomu að málinu, allt frá greiningarvinnu í byrjun, eftirlit og eftirfylgni hjá byggingarnefnd á framkvæmdatíma og að undirbúningi opunar og er þeim öllum þakkað kærlega fyrir frábæra vinnu. Þó er vert að minnast sérstaklega á Írisi Ellertsdóttur, verkefnastjóra Bergrisans, sem hefur leitt þetta verkefni með glæsibrag undanfarnin misseri og er henni sérstaklega þakkað vel unnin störf.

Þrátt fyrir að mikill og stór áfangi hafi náðst með opnun Nauthaga 2 má ekki slá slöku við og var þegar árið 2023 byrjað að leggja drög að næsta verkefni. Eftir þarfagreiningu samþykkti stjórn Arnardrangs að næsta verkefni yrði á Hvolsvelli og er þegar hafin vinna við útfæra mögulega búsetukosti og finna staðsetningu. Þá eru starfshópar farnir af stað til að skoða og útfæra framtíðarskipulag búsetuúrræða til næstu ára á starfssvæði Bergrisans og Arnardrangs.

Þrátt fyrir metnaðarfull markmið um fjölgun búsetuúrræða þá er ljóst að Arnardrangur mun aldrei geta náð fram þeirri stærðarhagkvæmni sem æskileg er til að geta sinnt uppbyggingu, rekstri og viðhaldi á húsnæði til lengri tíma. Því hefur stjórn skoðað og samþykkt að leggja til við ársfund að færa verkefni Arnardrangs inn í stærra og sterkara íbúðafélag eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Er það von stjórnar að fundarmenn taki vel í þá hugmynd, Bergrisanum og málaflökki fatlaðra á Suðurlandi til heilla.

Stjórn Arnardrangs